

116

27. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 6. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það, þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verðlagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

3. gr.

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samræði við framleiðsluráð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

117

27. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „500 þús. kr.“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: kr. 1000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.